

# Tillaga að auglýsingu

## um verndarsvæði á Norðurlandi - vatnasvið Jökulsár á Fjöllum: 12 Arnardalsvirkjun og 13 Helmingsvirkjun í verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

### 1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktun nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa vatnasvið Jökulsár á Fjöllum: 12 Arnardalsvirkjun og 13 Helmingsvirkjun í Fljótsdalshéraði, Fljótsdalshreppi, Norðurþingi, Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 225.759 hektarar að stærð.

### 2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið vatnasvið Jökulsár á Fjöllum: 12 Arnardalsvirkjun og 13 Helmingsvirkjun gegn orkuvinnslu.

### 3. gr.

#### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.

### 4. gr.

#### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir*

Orkuvinnsla fallvatna með uppsett rafafli 10 MW eða meira innan marka svæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu vegna virkjunar fallvatna með uppsett rafafli 10 MW eða meira. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

### 5. gr.

#### *Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

### 6. gr.

#### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning*

---

Umhverfis- og auðlindaráðherra